

## Vísitala heildarlauna

1. Tengiliður	
1.1 Tengiliður stofnun	Hagstofa Íslands
1.2 Tengiliður deild	Laun, tekjur og menntun
1.3 Nafn tengiliðar	-
1.6 Netfang tengiliðar	<a href="mailto:laun@hagstofa.is">laun@hagstofa.is</a>
1.7 Símanúmer tengiliðar	528 1250
2. Lýsigögn uppfærð	
2.3 Lýsigögn síðast uppfærð	12. júlí 2018

## 3. Framsetning

### 3.1 Lýsing á gögnum

Ýmis gögn eru notuð, bæði rannsóknir Hagstofunnar og stjórnsýslugögn.

Útreikningar byggja á samtölu allra staðgreiðsluskyldra launa niður á greidda vinnustund eftir atvinnugreinum. Í vísitölunni koma fram sveiflur í launum sem ekki einvörðungu stjórnast af breytingum á einingaverði launa heldur einnig magni vinnustunda, samsetningu vinnuafslins og vinnutíma. Markmið vísitölnnar miðar að aukinni upplýsingagjöf um íslenskan vinnumarkað.

Í meginatriðum er stuðst er við gögn úr rannsóknum til þess að meta hlutfallsegar stærðir sem eru heimfærðar á skráargögn sem ná yfir þýðið. Hlutfallslegar stærðir og flokkarnir eru fengnar úr Launarannsókn Hagstofu Íslands og Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands. Skrárargögn sem stuðst er við eru staðgreiðslugögn, skattframtöl og launamiða einstaklinga. Einnig er stuðst við menntaupplýsingar, lögskráningardaga og framtöl fyrirtækja.

Heildarlaun eru samtala allra staðgreiðsluskyld laun einstaklinga fengin úr staðgreiðslugögn. Staðgreiðslugögn byggja á upplýsingum frá ríkisskattstjóra um uppgjör vegna staðgreiðslu af launum og/eða reiknuðu endurgjaldi, samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Uppgjörið hefur verið auðgað með öðrum upplýsingum svo hægt sé að nýta það til hagskýrslugerðar, til að mynda til að geta aðgreint staðgreiðsluskyldar launagreiðslur frá öðrum staðgreiðsluskyldum greiðslum. Atvinnustarfsemi sem ekki er gefin upp til skatts er ekki metin.

Mat á greiddum stundum er meðal annars byggt á upplýsingum úr launarannsókn Hagstofu Íslands. Launarannsóknin byggist á handahófsúrtaki fyrirtækja og sveitarfélaga með tíu eða fleiri starfsmenn. Notað er heildarsafn ríkisstarfsmanna. Launaupplýsingar eru fengnar um alla starfsmenn og er gagna aflað mánaðarlega rafrænt frá fyrirtækjum í úrtaki í gegnum hugbúnað sem notaður er til launaútreikninga. Þau atriði sem safnað er í launarannsókn eru þegar til staðar í hugbúnaði fyrirtækja. Safnað er ítarlegum upplýsingum um laun, launakostnað, greiddar stundir og ýmsa bakgrunnspætti starfsmanna og launagreiðenda. Launarannsókn Hagstofu Íslands er úrtaksrannsókn og við gerð úrtaksramma eru notuð staðgreiðslugögn frá ríkisskattstjóra. Atvinnustarfsemi sem ekki er gefin upp til skatts er ekki metin.

Um er að ræða bráðabirgðatölur sem endurskoðaðar verða ársfjórðungslega.

## 3.2 Flokkunarkerfi

Atvinnugreinar byggja á ÍSAT08 atvinnugreinaflokkunarkerfinu. ÍSAT08 skipar skyldri starfsemi saman í bálka, deildir, flokka og greinar til þess að unnt sé að flokka starfsemi launagreiðanda. Kerfið er byggt á samræmdri atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins NACE Rev.2 sem liggur til grundvallar sams konar flokkunum í öllum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Þannig er tryggt að upplýsingar um tiltekna starfsemi eða atvinnugrein í einu ríki séu samanburðarhæfar við sams konar upplýsingar í öðrum ríkjum.

Fyrirvari er gerður við atvinnugreinaflokkun. Upplýsingar um atvinnugreinaflokkun niður á launamenn kemur úr staðgreiðslugögnum þar sem skráningu getur verið ábótavant. Því eru nýttar upplýsingar úr fyrirtækjaskrá til hagskýrslugerðar og þar liggur einungis fyrir aðalatvinnugrein launagreiðanda. Til að nálgast önnur atvinnugreinanúmer hjá launagreiðendum sem eru með deildarskipta starfsemi (með fleiri en eitt atvinnugreinanúmer) þá voru atvinnugreinaupplýsingar bættar með öðrum heimildum ef þær upplýsingar lágu fyrir, einkum með launarannsókn og lögskráningargögnum. Til dæmis ef til voru upplýsingar um hvort starfsmaður vinnur í fiskvinnslu eða fiskveiðum út frá lögskráningargögnum þá var atvinnugrein uppfærð samkvæmt því. Ef engar heimildir eru til staðar um aukaatvinnugrein er notast við aðalatvinnugreinanúmer rekstrareiningar.

Skipting vinnumarkaðarins styðst við evrópska þjóðhagsreikningastaðalinn ESA 2010 við ákvörðun um skiptingu vinnumarkaðarins í almennan vinnumarkað og opinbera starfsmenn. Opinberir starfsmenn teljast þeir sem vinna hjá hinu opinbera (S.13). Til hins opinbera telst rekstur ríkis og sveitarfélaga sem er undir stjórn þeirra og er rekinn að meiri hluta fyrir skatttekjur. Aðrir teljast þá til almenns vinnumarkaðar, þar með talið fyrirtæki í eigu opinberra aðila sem rekin eru að meiri hluta fyrir tekjur af sölu á vöru eða þjónustu.

## 3.3 Umfang efnis - þekja

Vísitala heildarlauna nær til allra sem fá greidd laun frá launagreiðendum sem hafa 10 eða fleiri launamenn að meðaltali á ári nema þeirra sem starfa við fiskveiðar og landbúnað (A), atvinnurekstur innan heimilis til eigin nota (T) og starfsemi stofnana og félagasamtaka með úrlendisrétt (U). Þar með talið eru einnig þeir sem fá greiddan lífeyri beint frá launagreiðanda.

Ár/ Atvinnugrein	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
B	0,3	0,1	0,1	0	0,2	0	0	0	0	0,2
C	13,5	13,9	14,8	15,4	15,6	15,6	15,4	15	14,6	13,7
D	1,6	1,8	1,8	1,7	1,7	1,6	1,6	1,6	1,6	1,5
E	0,5	0,6	0,6	0,6	0,6	0,6	0,7	0,6	0,6	0,6
F	7	4,1	3,1	2,8	2,6	2,8	3	3,2	3,9	4,6
G	11,2	10,4	10,6	10,6	10,8	10,6	10,7	10,6	10,6	10,7
H	5,8	6	6,3	6,7	6,7	6,9	6,9	7,2	7,9	8,3
I	2,5	2,6	2,9	3,1	3,4	3,7	4,1	4,6	5,1	5,4
J	5,5	5,8	5,9	5,9	5,7	5,7	5,9	5,7	5,5	5,2
K	9,8	8,2	7,7	7,7	7,5	7,6	7	6,4	6,1	6
L	0,3	0,2	0,2	0,2	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3
M	5,2	4,9	4,9	5,1	5,2	5,1	5,1	4,8	4,8	4,7
N	2,4	2,4	2,5	2,6	2,7	2,9	3	3,4	4,1	4,6
OTS	34,4	39	38,6	37,6	37	36,6	36,3	36,6	34,9	34,2

*Skýring:* Námuþróttur og vinnsla hráefna úr jörðu (B), framleiðsla (C), rafmagns-, gas- og hitaveitur (D), vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun (E), byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F), heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum (G), flutningur og geymsla (H), Rekstur gististaða og veitingarekstur (I), upplýsingar og fjarskipti (J), fjármála- og váttryggingastarfsemi (K), fasteignaviðskipti (L), sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi (M) og leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta (N). Flokkur OTS er samtala atvinnugreina opinber stjórnsýsla og varnarmál; almennatryggingar (O), fræðslustarfsemi (P), heilbrigðis- og félagsþjónusta (Q), menningar-, íþróttar- og tómstundastarfsemi (R) og félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi (S).

<b>3.4 Hagskýrslugerðarhugtök og skilgreiningar</b>	<p><u>Heildarlaun</u> Heildarlaun eru öll staðgreiðsluskyld laun einstaklingsins þar með talið yfirvinnu, kaupauka, árlegra eingreiðslna og annarra óreglulegra greiðslna. Sjá nánar um staðgreiðsluskyld laun: <a href="https://www.rsk.is/atvinnurekstur/stadgreidsla-og-reiknad-endurgjald/">https://www.rsk.is/atvinnurekstur/stadgreidsla-og-reiknad-endurgjald/</a> og í lögum 45/187 um staðgreiðslu opinberra gjalda <a href="https://skattalagasafn.rsk.is/?log=45.1987.0">https://skattalagasafn.rsk.is/?log=45.1987.0</a></p> <p><u>Greiddar stundir</u> Heildarfjöldi greiddra stunda er samtala allra vinnustunda svo sem stundir í dagvinnu, vaktavinnu, eftirvinnu, uppmælingum, yfirvinnu og veikindastundir. Greiddar stundir eru fengnar með fjölþættu tölfræðilegu mati sem byggir meðal annars á upplýsingum úr launarannsókn Hagstofu Íslands ásamt öðrum stjórnsýslugögnum.</p>
<b>3.5 Hagskýrslueining</b>	<p>Vísitala, breytingar á heildarlaunum á greidda stund milli ársfjórðunga.</p>
<b>3.6 Þýði</b>	<p>Allir sem eru í staðgreiðslugögnum, óháð aldri eða hvort þeir eru búsettir á landinu eða ekki. Í þýðinu eru allir sem fá staðgreiðsluskyld laun.</p>
<b>3.7 Svæði</b>	<p>Ísland.</p>
<b>3.8 Tímabil</b>	<p>Frá 2008.</p>
<b>3.9 Grunntímabil</b>	<p>Grunnár vísitölunnar (100) er meðaltal ársins 2012 og breytist grunnárið fjórða hvert ár til samræmis við aðferðir Labour Cost Index.</p>
<b>4. Mælieining</b>	
<b>4. Mælieining</b>	<p>Vísitala byggir á breytingum heildarlauna á greidda stund niður á ársfjórðunga.</p>
<b>5. Viðmiðunartími</b>	
<b>5. Viðmiðunartími</b>	<p>Ársfjórðungsleg gögn.</p>

## 6. Umboð

**6.1 Lög og reglugerðir** Lög nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð.

## 7. Trúnaðarkvaðir

**7.1 Trúnaðarkvaðir - stefna** Sjá reglur Hagstofunnar um meðferð trúnaðargagna:  
<https://hagstofa.is/media/43950/Reglur-um-me%C3%B0fer%C3%B0-tr%C3%BAna%C3%B0argagna.pdf>

**7.2 Trúnaðarkvaðir – meðferð gagna** Í þeim tilfellum þar sem talningar á rekstareiningum (fyrirtækjum) er lægri en 5 þá er gildið ekki birt í veftöflum, þess vegna er atvinnugrein námugröftur og vinnsla hráefna úr jörðu (B) ekki birt.

## 8. Reglur um birtingar

**8.1 Birtingaráætlun** Birtingar verða tilkynntar og settar á birtingaráætlun, 10 dögum fyrir áætlaðan birtingardag, í samræmi við reglur Hagstofunnar um birtingar. Áætlað er uppfæra talnaefni um vísitölu heildarlauna ársfjórðungsleg rúmlega 70 dögum eftir að viðmiðunartímabili lýkur.

**8.2 Aðgengi að birtingaráætlun** Birtingaráætlun er aðgengileg á vef Hagstofunnar: <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/birtingaraaetlun/>

**8.3 Aðgengi fyrir notendur** Tölurnar eru aðgengilegar notendum í gegnum vef Hagstofu Íslands.

## 9. Tíðni birtinga

**9. Tíðni birtinga** Talnaefni verður uppfært ársfjórðungslega á vef Hagstofu Íslands. Nýjustu tölur eru bráðabirgðatölur.

10. Aðgengileiki og skýrleiki	
10.1 Fréttatilkynningar	Ekki reglulegar, birtar eftir því sem tilefni gefur til.
10.2 Útgáfur	Ekki er fyrirhugað að gefa út hagtíðindahefti reglulega, verður birt eftir því sem tilefni gefur til.
10.3 Gagnasöfn á netinu	Hagtölur birtar ársfjórðungslega með uppfærslu veftaflna á vef Hagstofunnar.
10.4 Aðgengi að örgögnum	<p>Hagstofunni er einungis heimilt að veita aðgang að persónuupplýsingum vegna viðurkenndra rannsókna eða vegna samstarfs við alþjóðlegar stofnanir innan evrópska hagskýrslusamstarfsins. Ströng skilyrði eru sett fyrir aðgangi að persónugögnum í báðum tilfellum. Áður en aðgangur er veittur eru bein auðkenni fjarlægð úr gögnunum og óbein auðkenni fjarlægð eða dulin, eftir því sem mögulegt er og þannig að fyllsta öryggis sé ávallt gætt.</p> <p>Hægt er að sækja um aðgang að örgögnum Hagstofu Íslands í gegnum Rannsóknarþjónustu Hagstofunnar. Sjá hér: <a href="https://hagstofa.is/thjonusta/gogn-til-visindarannsokna/">https://hagstofa.is/thjonusta/gogn-til-visindarannsokna/</a></p>
10.5 Annað	-
10.6 Skjöl um aðferðafræði	Liggja ekki fyrir.
10.7 Skjöl um gæðamál	Liggja ekki fyrir.
11. Gæðastjórnun	
11.1 Trygging gæða	Sjá meginreglur í hagskýrslugerð: <a href="https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=0c8d9584-87fd-4934-b8c6-8d9ec40ee881">https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=0c8d9584-87fd-4934-b8c6-8d9ec40ee881</a>
11.2 Gæðamat	Liggur ekki fyrir.

## 12. Notagildi

<b>12.1 Þarfir notenda</b>	Um er að ræða nýjar hagtölur en líklegt má telja að niðurstöður nýtist greiningaraðilum, aðilum vinnumarkaðarins, ráðuneytum, stofnunum, fjölmiðlum og almenningi.
<b>12.2 Ánægja notenda</b>	Um er að ræða nýjar hagtölur sem Hagstofan hefur ekki birt áður. Því eru engar upplýsingar tiltækar um ánægju notenda.
<b>12.3 Heildstæðni</b>	Gögn liggja fyrir tímalega.

## 13. Nákvæmni og áreiðanleiki

<b>13.1 Nákvæmni</b>	<p>Um er að ræða bráðabirgðatölur sem er háð reglubundnum endurskoðun vegna uppfærðra grunngagna sem liggja að baki vísitölunni.</p> <p>Atvinnugrein launagreiðanda sem skila inn heildarlaunum í staðgreiðslugögn getur verið rangt flokkuð, sjá umfjöllun í 3.2 flokkunarkerfi. Launa og tímar vegna atvinnustarfsemi sem ekki er gefið upp til skatts er ekki metið.</p>
<b>13.2 Úrtaksvillur</b>	Við mat á vinnutíma er notast við rannsóknir. Það geta komið inn úrtakskekkjur sem stafa af þeirri óvissu sem felst í því að úrtakið er ekki nákvæm eftirmynd þýðis. Úrtakskekkjur eru háðar úrtakshönnun, stærð úrtaks og dreifingu (e. variance). Við úrtakshönnun launarannsóknar og gerð úrtaksramma er reynt að halda úrtakskekkju í lágmarki. Á hverju ári er úrtaksrammi endurnýjaður og unnið markvisst að stækkun úrtaks til að minnka þessar skekkjur.
<b>13.3 Aðrar villur en úrtaksvillur (non-sampling errors)</b>	Fyrir ákveðnar atvinnugreinar er líkönum beitt til fylla upp í eyður í gögnunum. Ekki liggja fyrir upplýsingar um nákvæmni þessara líkana.

## 14. Tímanleiki og stundvísi

<b>14.1 Tímanleiki</b>	Nýjar tölur eru birtar rúmlega 70 dögum eftir að viðmiðunar ársfjórðungi lýkur.
<b>14.2 Stundvísi</b>	-



## 15. Samræmi og samanburðarhæfni

### 15.1 Samanburðarhæfni – landfræðileg

Á ekki við.

### 15.2 Samanburðarhæfni – yfir tíma

Aðferðafræðin er óbreytt milli ársfjórðunga og tekur mið af aðferðum Labour Cost Index samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og Ráðsins nr. 450/2003.

### 15.3 Samræmi – milli efnissviða

Vinnustundir eru til samræmis við aðferðir sem notaðar eru til að mæla vinnumagn í þjóðhagsreikningum sem eru til grundvallar landsframléiðslu samkvæmt ESA 2010

### 15.4 Samræmi – innan efnissviðs

Vísitala heildarlauna gefur upplýsingar um launaþróun á greidda stund rétt eins og að launavísitala gefur upplýsingar um launaþróun niður á greidda stund. Hafa ber í huga við samanburð að vísitölurnar segja ólíka sögu, hafa ólíkan tilgang og byggja á mismunandi aðferðum.

Í vísitölu heildarlauna hafa breytingar á samsetningu vinnuafis og vinnutíma áhrif og geta niðurstöður á milli tímabila verið sveiflukennnd. Þessi samsetningabreytingar hafa hins vegar ekki áhrif á launavísitölu sem mælir verðbreytingu á greidda vinnustund en við útreikning á þess háttar verðbreytingum er reynt eftir megni að halda samsetningu fastri milli mælitilvika.

Vísitala heildarlauna byggir á öllum greiddum launum deilt með heildarfjölda greiddra stunda eftir atvinnugreinum og sýnir launaþróun sem endurspeglar verðbreytingu vinnustundar, breytt hlutfall vinnuafis með há eða lág laun, breytt hlutfall yfirvinnustunda eða samspil þessara þátta. Vísitala heildarlauna tekur þar með tillit til yfirvinnu, kaupauka, árlegra eingreiðslna og annarra óreglulegra þátta sem eru ekki hluti af launavísitölu, enda er launavísitölu ætlað að sýna verðbreytingar á vinnustund fyrir fasta samsetningu vinnutíma. Launavísitalan byggir á breytingum reglulegra launa þar sem hvorki er tekið tillit til tilfallandi yfirvinnu né óreglulegra greiðslna.

Einnig er hægt að bera saman þróun við meðallaun, en hafa ber í huga við samanburð á milli tímabila að úrtaksbreytingar geta haft áhrif þar sem þær upplýsingar byggja á launarannsókn og er samsetningu ekki haldið fastri á milli ára.

## 16. Kostnaður og svarbyrði

### 16. Kostnaður og svarbyrði

Í meginatriðum er stuðst við stjórnsýsluskjár og rannsóknir sem fyrirfinnast innan Hagstofu Íslands. Ekki hefur verið farið í reglubundna og skipulagða innsöfnun á gögnum vegna vísitölu heildarlauna. Óregluleg innsöfnun á gögnum, frá fyrirtækjum og stofnunum, er framkvæmd vegna afmarkaðra þátta í framleiðsluferlinu.

## 17. Endurskoðun hagtalna

### 17.1 Endurskoðun hagtalna - stefna

Um er að ræða bráðabirgðatölur sem endurskoðaðar verða ársfjórðungslega.

Sjá stefnu Hagstofu Íslands um endurskoðun hagtalna:

<https://hagstofa.is/um-hagstofuna/stefnur-hagstofu-islands/stefna-hagstofu-islands-um-endurskodun-hagtalna/>

### 17.2 Endurskoðun hagtalna - framkvæmd

Allar tölur eru bráðabirgðatölur sem eru endurskoðar ársfjórðungslega.

<https://hagstofan.s3.amazonaws.com/media/public/2018/9c3714ba-e741-45a1-ad2f-c5cf7fff4238.xlsx>

## 18. Úrvinnsla hagskýrslna

### 18.1 Grunnögn

Við mat á heildarlaunum er notast við skráarbundin gögn sem byggja á upplýsingum frá ríkisskattstjóra, uppgjör vegna staðgreiðslu af launum og/eða reiknuðu endurgjaldi, samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Megintilgangur uppgjörs er skattheimta hins opinbera. Gögnin hafa verið bætt með öðrum upplýsingum svo hægt sé að nýta þau til hagskýrslugerðar, til að mynda til að geta aðgreint staðgreiðsluskyldar launagreiðslur frá öðrum staðgreiðsluskyldum greiðslum.

Við mat á vinnustundum er meðal annars notast við launarannsókn Hagstofu Íslands sem er úrtaksrannsókn. Gögn eru gæðaprófun mánaðarlega. Ef einhverjar breytingar verða á gögnum er haft samband við fyrirtækin til að staðreyna gögn.

### 18.2 Tíðni gagnasöfnunar

Mánaðarleg og árleg eftir gagnasöfnum.

### 18.3 Gagnasöfnun

Gögnin eru sótt til ríkisskattstjóra í gegnum örugga vefskilagátt og fyrirtækja senda inn gögn í launarannsókn í gegnum

	örugga vefskilagátt.
<b>18.4 Sannprófun</b>	Mánaðarlega, eða í kringum 20. hvers mánaðar fara gögnin í gegnum staðlaða gæðaprófun og þau gerð tilbúin til hagskýrslugerðar. Gögnin eru m.a. sannprófuð út frá samanburði milli tímabila og við önnur gagnasöfn.
<b>18.5 Gagnavinnsla</b>	<p>Ekki er hægt að nýta óbreytt grunngögn staðgreiðslu til hagskýrslugerðar. Því hefur Hagstofan smíðað umfangsmikið úrvinnslukerfi til að vinna með gögnin. Til að mynda kemur ekki fram í gögnum um hvers konar tegund staðgreiðsluskyldrar greiðslu sé að ræða. Lögð er mest áhersla á að skipta greiðslum í í launagreiðslur og aðrar greiðslur, en öðrum greiðslum er þó ítarlegra skipt og má þar nefna greiðslur í fæðingarorlofi, styrkir verkalýðsfélaga, greiðslur úr lífeyrissjóðum, greiðslur vegna eftirlauna, bætur frá Tryggingastofnun og atvinnuleysisbætur. Mesta áskorunin er við að skipta upp greiðslum er í þeim tilfellum sem launagreiðandi greiðir bæði laun og aðrar greiðslur, eins og algengt er til dæmis hjá sveitarfélögum, lífeyrissjóðum og verkalýðsfélögum. Árlega eru gögn keyrð saman við skattframtöl einstaklinga og launamiðaskrá til að sannreyna að greiðslum hafi verið skipt rétt upp. Þá hefur komið í ljós að skipting greiðsla í úrvinnslukerfi er í miklum gæðum og greiðslum er rétt skipt upp. Gögn eru svo nýtt til að reikna heildarlaun sem er samtala staðgreiðsluskyldra launa.</p> <p>Í mjög einfaldri mynd þá eru vinnustundir fengnar með fjölpættu tölfræðilegu mati, byggt á ýmsum rannsóknargögnum, miðað við einkenni einstaklinga, rekstrareininga og starfa sem heimfært er á þýði út frá stjórnsýsluskram. Til að nálgast einkenni (parameter) er notast við fjölda líkana sem eru samþætt og metin út frá launarannsókn. Hvert einkenni er metið margþætt. Í ferlinu er vinnslan forunnin, aðlöguð og eftiráunnin til að tryggja að hver hópur færslna samræmist tilteknum forsendum um innbyrðis samræmi og samræmi miðað við aðrar heimildir. Þegar búið er að spá fyrir um einkenni (parametra) fyrir hverja færslu í þýði eru greiddar stundir metnar með margþættum líkönum út frá forsendum sem eru í skráargögnum. Forsendur, það er að segja breyturarnar í tölfræðilíkönunum, stök í matslíkönum og stök fyrir reglur, sem liggja að baki í matsferlið koma úr rannsóknargögnum og skráargögnum.</p>

18.6 Aðlögun	-
<b>19. Athugasemdir</b>	
19. Athugasemdir	-